

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 19.03.2019

10. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 20.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Þorkell Gíslason.

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps

Endurskoðuð drög að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna tveggja lögð fram. Næsti fundur í samstarfsnefnd sveitarfélaganna hefur verið boðaður þann 21. mars kl. 16-18 í Sæmundargötu.

2. Bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi áform fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar að skerða tekjur jöfnunarsjóðs

Framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skerðast um þrjá milljarða á næstu tveimur árum, gangi áform stjórnvalda eftir. Bókun sambandsins lögð fram.

Sveitarfélagið Akrahreppur tekur undir bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga og mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun fjármála- og efnahagsráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, að gera ráð fyrir í tillögu að fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2020-2024 skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna.

3. Erindi frá Byggðasafni Skagafjarðar er varðar breytingu á greiðslutilhögun á aðgangseyri fyrir íbúa Svf. Skagafjarðar og Akrahrepps inn á sýningar á vegum Byggðasafns Skagfirðinga.

Lagt til að aðgangsmiði heimafólks gildi í heilt ár, sem muni virka hvetjandi á komur og þátttöku í viðburðum á vegum Byggðasafnsins.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir að lögheimilisíbúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps geti keypt aðgangsmiða að safninu sem gildir í heilt ár óháð fjölda heimsókna. Hreppsnefnd Akrahrepps tekur undir með Byggðarráði Svf. Skagafjarðar og hvetur íbúa sveitarfélaganna til að nýta þennan möguleika og taka virkan þátt í starfi safnsins.

4. Liður 4 varðar persónuverndarmál.

5. Erindi frá Vegagerðinni varðandi vegaf framkvæmdir á Þjóðvegi 1 á Öxnadalshéiði

Vegagerðin hafði samband vegna endurbóta á Þjóðvegi 1 og vegna umdeilda framkvæmda vegna ristahliðs sem var fjarlægð á sl. ári efst í Bakkaselsbrekkunni. Vegagerðin leitar samráðs við hlutaðeigandi vegna málsins.

Hreppsnefnd Akrahrepps leggst algerlega gegn því að ristahlið á Þjóðvegi 1 á Öxnadalshéiði norðanverði verði fjarlægð. Hreppsnefnd vísar til fyrri bókana, varðandi sama mál, frá 10.10.2017 og 06.12.2017.

6. Erindi frá undirbúningsnefnd afmælishátíðar sundlaugarinnar í Varmahlíð

Lagt fram bréf frá undirbúningsnefnd þar sem óskað er eftir ótilgreindum styrk vegna afmælishátíðarinnar.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið.

7. Erindi frá húsverði Héðinsminnis

Lagt fram bréf frá Herdísi Sigurðardóttur húsverði. Herdís óskar eftir að fylgja erindinu eftir á fundinum.

Erindinu frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.

Fundi slitið klukkan 23.30